

Landssamband smábátaeigenda,  
b.t. Arnar Pálssonar framkvæmdastjóra,  
sent með tölvupósti: [orn@smabatar.is](mailto:orn@smabatar.is)


Reykjavík, 10. nóvember 2023

Vísað er til erindis Landssambands smábátaeigenda, dags. 19. september 2023, þar sem þess er farið á leit við stjórn Gildis-lífeyrissjóðs að óska eftir hluthafafundi í Íslandsbanka hf. með það fyrir augum að leita eftir heimild til að gera skaðabótakröfu í nafni félagsins á hendur fyrrverandi stjórn og stjórnendum vegna þess tjóns sem þeir hafa valdið félaginu og hluthöfum þess. Er í þessu samhengi vísað til 134. og 135. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995, þeirrar lækkunar sem orðið hefur á hlutabréfum Íslandsbanka og þess tjóns sem orðið hefur á orðspori bankans.

Málið hefur verið skoðað nánar og verið fjallað um það á vettvangi stjórnar sjóðsins. Möguleiki væri á því að láta reyna á framangreind lagaákvæði og höfða skaðabótamál á hendur stjórn eða framkvæmdastjóra í nafni félagsins sé vilji til þess meðal hluthafa. Óljóst er hins vegar um niðurstöður slíkra dómsmála og fjárhagslegar heimtur ásamt því að orðspor bankans er líklegt til að skaðast meira en orðið er vegna slíkra málaferla. Breytingar hafa verið gerðar á stjórn bankans ásamt því að fyrrverandi bankastjóri og ákveðnir lykilstjórnendur hafa látið af störfum. Upplýst hefur verið um að unnið sé að úrbótum undir eftirliti Seðlabanka Íslands.

Er það afstaða stjórnar sjóðsins eftir að hafa tekið málið til skoðunar að það sé ekki í þágu heildarhagsmuna hans að standa fyrir slíkum málaferlum að svo komnu máli.

Virðingarfyllst,  
f.h. Gildis-lífeyrissjóðs



Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri